

brandssonar, og niður á þjóðveginn, er hans einkaeign og skal honum heimilt að hafa veginn áfram á sama stað. Þá hefur aðalstefnandi heimild til að girða af vegarstæðið meðfram veginum, enda skulu brýr vera yfir skurðina við veginn og hlið á girðingunni, svo þar verði komið yfir með ökutæki. Þá greiði aðalstefndi, Jón Erlendsson, málskostnað með kr. 1100.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans, að því er snertir málskostnað.

Priðjudaginn 19. maí 1953.

Nr. 16/1953. **Andrés Á. Pálsson og Daníel Guðbrandsson**
(Ólafur Þorgrímsson)

gegen

Bergi, Helga, Júlíusi, Siggeiri og Valdimar

Lárussonum (Kristján Guðlaugsson),

Erlendi Einarssyni og Birni B. Björnssyni

(Vilhjálmur Jónsson hdl.)

og

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Theódór B. Lindal)

og

gagnsakir.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignarréttur og björgunar að strandgóssi.

Lögbannsgerð felld úr gildi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa váttryggjendur farms e/s Persier framselt Ríkissjóði Íslands rétt þann, sem þeir töldu sig eiga til umrædds járnns. Hefur aðild Trolle & Rothe h/f f. h. váttryggjenda farms e/s Persier að máli þessu þar með fallið niður, enda hefur enginn komið fyrir Hæstarétt af hálfu þessa aðilja og engar kröfur verið gerðar þar á hendur honum.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1953. Krefjast þeir þess, að staðfest verði lögbannsgerð sú, sem fram fór 30. ágúst 1952, að þeim verði dæmdur eignarréttur, en til vara björgunarréttur að járnþví, sem í málinu greinir, og að gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu 13. febrúar 1953. Krefjast þeir þess, að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um lögbannsgerð þá, er á var lögð 30. ágúst 1952, að þeir verði sýknaðir af kröfum aðaláfrýjenda og að aðaláfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu 13. febrúar 1953. Krefjast þeir þess, að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um lögbannsgerð þá, er á var lögð 30. ágúst 1952, að þeir verði sýknaðir af kröfum aðaláfrýjenda og að aðaláfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 31. janúar 1953. Krefst hann þess, að staðfest verði ákvæði hins áfrýjaða dóms um lögbannsgerð, er á var lögð 30. ágúst 1952. Þá krefst hann þess aðallega, að honum verði dæmdur eignarréttur að umræddu járnþví, en til vara, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um eignarrétt á járninu. Loks krefst hann málskostnaðar af aðaláfrýjendum in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Járn það, sem um er deilt í málinu, er leifar af strandgóssi, sem eftir urðu á strandstað, er tekizt hafði að bjarga skipinu Persier og nokkrum hluta farms þess. Vátryggjendur farmsins urðu eigendur járnþví, er þeir höfðu innt vátryggingarfé þess af höndum til eiganda farmsins, sbr. 28. gr. laga nr. 17/1914. Ekki var svo með farið af hálfu ríkissjóðs eða fjöru-eigenda, sem segir í 28. gr. laga nr. 42/1926, og féll eignarréttur vátryggjenda því ekki niður af þeim sökum. Er ekki

heldur í ljós leitt, að eignarréttur að járninu hafi verið genginn úr höndum váttryggjenda vegna annarra atvika, þegar dómur gekk í héraði. Var því rétt sú niðurstaða héraðsdóms að dæma váttryggjendum eignarrétt að járninu. En þar sem gagnáfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur eftir uppkvaðningu héraðsdóms fengið framseldan rétt váttryggjenda til járnins, ber nú að dæma honum eignarrétt að því.

Kröfur gagnáfrýjendanna Bergs, Helga, Júlíusar, Siggeirs og Valdimars Lárussona og Erlends Einarssonar og Björns B. Björnssonar til björgunar járnins samkvæmt samningum 20. maí 1952 og 31. júlí sama ár hafa verið samþykktar hér fyrir dómi af gagnáfrýjanda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og ber því að taka þær til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um, að lögbannsgerð frá 30. ágúst 1952 sé úr gildi felld.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um, að niður sé felld lögbannsgerð frá 30. ágúst 1952.

Gagnáfrýjandi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur eignarrétt að járninu því, sem í málinu greinir.

Gagnáfrýjendur Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir og Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson hafa björgunarrétt að áðurgreindu járninu.

Aðaláfrýjendur og gagnáfrýjendur beri hver sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði

**hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og
Gizurar Bergsteinssonar.**

Við erum samþykkir forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins um annað en málskostnað.

Váttryggjendur hrájárns þess, er í málinu greinir, gengu

svo seint inn í málið í héraði, að fallast má á úrlausn héraðs-dóms um málskostnað. Þegar litið er til atvika málsins og ákvæða 28. gr. laga nr. 42/1926, verður að telja rétt váttryggjenda og nú ríkissjóðs svo skýlausan, að ekki verði hjá því komizt að dæma aðaláfrýjendur samkvæmt 177. gr. laga nr. 85/1936 til að greiða ríkissjóði málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 9000.00. Rétt er, að aðiljar beri að öðru leyti hver sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 25. nóv. 1952.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 28. febrúar 1941 strandaði e/s Persier á svonefndum Kötlu-töngum á Mýrdalssandi. Farmur skipsins var 100 bifreiðar og um 6000 smálestir af hrájárni (pig iron). Eftir beiðni eigenda og váttryggjenda skips og farms tók Skipaútgerð ríkisins að sér að reyna björgun og var björgunarsamningur gerður hinn 6. marz 1941 milli Skipaútgerðarinnar og Trolle & Rothe h/f, en það félag gætti hagsmuna eigenda og váttryggjenda skips og farms hér á landi. Hafði forstjóri Skipaútgerðar ríkisins á þessum tíma yfirstjórn íslenskku varðskipanna, og var varðskipið Ægir notað til aðstoðar við björgunina. Ýmsir erfiðleikar reyndust á björguninni, en þó tókst að ná bifreiðunum á land. Til þess að létta skipið var um 5000 smálestum af hrájárni varpað fyrir borð og var það sett í tvær hrúgur í sjóinn, en ekki er upplýst, hversu langt frá stórstraumsflóðmáli eða hvort það var utan eða innan stórstraumsfjörumáls. Er skipið hafði verið létt á þennan hátt og gert eins þétt og tók var á, tókst að ná því á flot hinn 15. maí 1941. Síðan var farið með skipið til Reykjavíkur. Samkomulag náðist ekki um björgunarlaun og var því mál höfðað til heimtu þeirra. Gekk dómur í Hæstarétti í björgunarmálinu hinn 3. marz 1943, og voru laun til bjarganda fyrir björgun skipsins og þeirra ca. 1000 smálesta hrájárns, sem voru eftir í því, ákveðin kr. 500.000.00. Í þessu sambandi voru þær ca. 1000 smálestir hrájárns, sem björguðust, metnar af dómkvöddum mönnum á kr. 75.000.00 eða kr. 75.00 smálestin. Um þetta leyti þótti ekki svara kostnaði að bjarga hrájárni því, sem í sjóinn hafði verið varpað. Laun fyrir björgun bifreiðanna voru ekki ákveðin í björgunarmáli þessu, en á árinu 1949 voru bjarganda greiddar kr. 250.000.00 fyrir björgun þeirra. Á fyrstu árunum eftir strandið allt fram á árið 1944 björguðu bifreiðastjórar frá Vík í Mýrdal og nokkrir menn aðrir, þar á meðal ábúendur Kerlingardals, nokkru af hrájárni, en fjaran þar, sem skipið strandaði, nefnist Kerlingardalsfjara og fylgir jörðinni Kerlingardal. Það járn, sem bjargað var á þessum árum, var tekið í fjörunni eða úr sjó rétt utan við flæðarmál, og mun magn þess, sem bjargað var, hafa verið litið. Andvirði þess járn, sem bjargaðist og mun hafa verið selt fyrir

um kr. 280.00 — kr. 1000.00 smálestin, komið til Reykjavíkur, var skipt milli bjargenda þess eingöngu eftir þátttöku þeirra í björgunarstarfinu. Þegar fram liðu stundir, færðist sandurinn fram á þeim slóðum, þar sem hrájárninu hafði verið varpað í sjóinn og varð það sandi orpið. Engar tilraunir voru nú gerðar til að bjarga hrájárninu um hríð, en hinn 2. júní 1951 gerist það, að aðalstefndu, Erlendur Einarsson, Bólstaðarhlið 3, og Björn B. Björnsson, Bólstaðarhlið 5, báðir í Reykjavík, gera samning við aðalstefnendur, Andrés Á. Pálsson og Daniel Guðbrandsson, eigendur og ábúendur Kerlingardals í Vestur-Skafta-sýslu, þess efnis, að hinir siðarnefndu afsala til Erlendar og Björns „leyfi til þess að bjarga járninu, er fleygt var úr e.s. Persier, sem strandaði á Kerlingardalsfjöru 1941“. Afsal þetta skyldi gilda sem „einkaleyfi“ á björgun járnins og þeir Erlendur og Björn hafa „ráðstöfunar- og eignarrétt á því járninu, sem þeir „bjarga eða sjá um björgun á.“ Fyrir þetta „einkaleyfi“ skuldbundu „leyfishafar“ sig til þess að greiða Kerlingardalsbændum kr. 7,50 fyrir hverja smálest, sem bjargast og þeir fá ráðstöfunarrétt á. Jafnframt er Kerlingardalsbændum og heimilisfólki þeirra áskilin vinna við björgun járnins eftir því, sem til fellur. Sumarið 1951 gerðu þeir Erlendur og Björn nokkrum sinnum leit að hrájárninu, en fundu það ekki, og virðast þeir ekki hafa hafizt handa um nokkrar björgunarframkvæmdir næsta árið eftir samningsgerð þessa.

Hinn 20. maí 1952 undirritar forstjóri Skipaútgerðar ríkisins samning við aðalstefndu Berg, Helga, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárusyni, er hér eftir verða nefndir Klaustursbræður, þess efnis, að Skipaútgerðin heimilar þeim að bjarga á Mýrdalssandi járninu, sem á sínum tíma var varpað úr flutningaskipinu Persier. Skyldu Klaustursbræður taka að sér, ríkissjóði að kostnaðarlausu, að gera tilraunir til þess að bjarga járninu og hefja björgunaraðgerðir eigi síðar en í júnímánuði 1952. Fyrir leyfi þetta skyldu leyfishafar greiða ríkissjóði Íslands 12% af andvirði þess járnins, sem bjargaðist, að frádregnum flutningskostnaði til afhendingar- eða sölustaðar innanlands. Í samningi þessum segir ennfremur, að engum öðrum en leyfishöfum sé heimilt að bjarga járninu því, sem hér um ræðir, meðan samningurinn stendur. Enn segir í samningnum, að bjargað járn skuli vera eign ríkissjóðs, þar til sala fari fram eða leyfishafar hafi greitt leyfisgjaldið af því járninu, sem ekki hafi tekizt að selja.

Með bréfi, dags. 15. júlí 1952, tilkynnti lögmaður aðalstefnenda aðalstefndu, Erlendi og Birni, að aðalstefnendur hefðu falið honum að afturkalla „einkaleyfisumboð“ það til að bjarga og hagnýta hrájárn, sem þeim hefði verið veitt með samningnum frá 2. júní 1951. Segir í bréfinu, að þessi breytta afstaða byggist á því, að enda þótt meira en ár sé liðið, frá því að Erlendi og Birni hafi verið veitt leyfið, þá hafi enn ekki verið hafizt handa um björgun járnins, en í það hafi verið látið skína við samningsgerðina, að hafizt yrði handa þegar í stað. Þetta hafi orðið til þess, að ríkisstjórnin hafi veitt öðrum mönn-

um leyfi til að bjarga járninu og hljóti sú ráðstöfun að valda aðalstefnendum óþægindum og kostnaði. Í annan stað segir í bréfinu, að þeir Erlendur og Björn hafi upplýst, að verð á hrájárninu mundi vera um kr. 200,00 á smálest og við það hafi greiðsluskylda þeirra verið miðuð, „en þetta verð hafi reynzt algjörlega rangt“. Loks segir, að þar sem allar forsendur fyrir samningnum séu þannig brostnar og einkaleyfisumboðið ótímatamarkað, þá telji aðalstefnendur sér rétt að rifta samningnum og afturkalla umboð það, sem í honum fólst. Bréfi þessu svöruðu þeir Erlendur og Björn 17. júlí 1952. Segir í svarbréfi þeirra, að engar frambærilegar ástæður séu fyrir hendi, til þess að segja greindum samningi upp og líti þeir svo á, að samningurinn sé enn í fullu gildi og muni þeir haga sér eftir því. Loks segir í bréfinu að ástæður þær, sem aðalstefnendur hafi tilgreint fyrir uppsögn samningsins, séu ósannar.

Þessu næst gerist það, að aðalstefndu, Erlendur og Björn, og aðalstefndu, Klaustursbræður, gera með skírskotun til samninganna frá 2. júní 1951 og 20. maí 1952 samning með sér þess efnis, að þeir skuli í félagi bjarga járninu því, sem um ræðir í téðum samningum, og skipta ágóða og tapi svo, að Klaustursbræður „hafi 60%, en Erlendur og Björn 40%“. Skyldu Erlendur og Björn annast greiðslu til aðalstefnenda samkvæmt samningnum frá 2. júní 1951 eða samkomulagi, en gjaldið til ríkissjóðs samkvæmt samningnum frá 20. maí 1952 skyldi greiðast af sameiginlegum kostnaði. Með yfirlýsingu, dags. 10. ágúst 1952, samþykkti forstjóri Skipaútgerðarinnar samning þennan. Segir ennfreður í yfirlýsingunni, að skýra beri samninginn frá 20. maí s.l. svo, að Skipaútgerðin hafi falið Klaustursbræðrum að bjarga umræddu járninu og jafnframt hafi þeir með samningnum fengið framseldan rétt íslenskra ríkisins yfir járninu. Jafnframt virðist koma fram í yfirlýsingunni, að forstjórinn byggi heimild Skipaútgerðarinnar til ráðstöfunar þessarar á upphaflega björgunarsamningnum frá 6. marz 1941. Að gefnu tilefni frá lögmanni Klaustursbræðra lýsir fjármálaráðherra því yfir í bréfi til hans, dags. 14. ágúst 1952, að forstjóri Skipaútgerðarinnar hafi gert samninginn við Klaustursbræður með samþykki ráðuneytisins f. h. ríkissjóðs. Í þessu sambandi athugast, að samkvæmt endurriti af bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. ágúst 1952, til fjármálaráðuneytisins virðist dómsmálaráðuneytið véfengja heimild forstjóra Skipaútgerðarinnar til þess að gera samninga um björgun hrájárnins á Mýrdalssandi, að svo miklu leyti, sem um ráðstöfun f. h. dómsmálaráðuneytisins á rétti Skipaútgerðarinnar sem björgunaraðilja hafi verið að ræða. Er þess jafnframt getið í bréfinu, að frá 8. maí s. l. hafi fallið niður fyrirvar Skipaútgerðar ríkisins fyrir landhelgisgæzlunni og varðskipunum.

Þegar eftir samningsgerðina 20. maí 1952 hófu Klaustursbræður leit að járninu á Mýrdalssandi. Fóru þeir ásamt fleiri mönnum nokkrar ferðir á sandinn í þessu skyni síðari hluta maímánaðar og í júnímánuði 1952 og höfðu í sumum ferðunum með sér segulmagnað mál-

leitartæki. Hinn 30. júní 1952 fannst önnur járnhrúgan í eystri bakka Blautukvislar og daginn efir fannst hin járnhrúgan í kvislinni í suðvesturátt frá hinni. Voru staðirnir merktir þannig, að járnsteinn var settur niður í járnhrúgu þá, sem í kvislinni var, en hin hrúgan var miðuð með stikum uppi í sandi og hornmiðunum. Hófu Klaustursbræður síðan undirbúning undir björgun hrájárnsins, er fólst í útbúnaði bifreiða, vinnuvéla og byggingu skúrs, sem koma átti fyrir á sandinum, en í honum var mönnum, sem við björgunina ynnu, ætlað að búa. Virðast Klaustursbræður hafa lokið undirbúningi undir björgunina rétt fyrir mánaðamótin júlí og ágúst 1952.

Í málinu kemur fram, að haustið 1951 gerði rafvirkjameistari úr Reykjavík ásamt tveim öðrum mönnum frá Vík leit að járninu. Fundu þeir báðar járnhrúgurnar, miðuðu þær og staðsettu. Skýrðu þeir aðalstefnendum skömmu síðar frá járnfundinum.

Hinn 25. júlí 1952 sló leiðangur til björgunar járnins á vegum aðalstefnenda upp tjöldum við Hafursey. Hafði leiðangur þessi með sér vinnuvélar og ýmis tæki til björgunarinnar og hinn 29. júlí 1952 hófst hann handa um að grafa Blautukvísl leið til sjávar vestar en hún hafði áður fallið, í því skyni að veita henni af vestari járnhrúgunni, til þess að auðveldara væri að komast að hrúgunni. Vegna þessara aðgerða aðalstefnenda kröfðust Klaustursbræður þess, að lagt yrði lögbann við framhaldi greindra aðgerða aðalstefnenda eða annarra, er þarna kynnu að vera að verki. Lögbannsbeiðni þessi var tekin fyrir í fógetarétti Skaftafellssýslu 4. ágúst 1952. Í þinghaldi þessu gerðust þeir Erlendur og Björn aðiljar að lögbannsbeiðninni ásamt Klaustursbræðrum og var samdægurs lagt lögbann við því, að aðalstefnendur héldu áfram björgunaraðgerðum á hrájárninu.

Með stefnu, útgefinni 4. ágúst 1952, höfðuðu Klaustursbræður og Erlendur og Björn síðan mál fyrir aukarétti Skaftafellssýslu gegn aðalstefnendum máls þessa og kröfðust þess, að lögbannsgerðin yrði staðfest og réttur þeirra til björgunar og ráðstöfunar á hrájárninu því, sem fyrir borð var varpað úr e/s Persier, yrði viðurkenndur. Þá kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi Kerlingardalsbænda. Af hálfu Kerlingardalsbænda var þess krafizt í greindu máli, að lögbannið yrði fellt úr gildi og þeir sýknaðir af öðrum kröfum stefnenda og að stefnendur yrðu in solidum dæmdir til þess að greiða þeim málskostnað. Dómur gekk í málinu á aukadómþingi Skaftafellssýslu hinn 23. ágúst 1952 og varð niðurstaða hans sú, að lögbannið var fellt úr gildi og Kerlingardalsbændur sýknaðir af kröfum stefnenda, Klaustursbræðra og Erlendar og Björns. Málskostnaður var látinn falla niður.

Meðan á málarekstri þessum stóð og nokkra daga eftir að dómur hafði gengið, héldu Klaustursbræður og þeir Erlendur og Björn áfram björgunaraðgerðum og tókst að bjarga nokkru af hrájárninu, svo sem síðar verður frá greint.

Hinn 30. ágúst 1952 beiddust aðalstefnendur þess, að lagt yrði, eins fljótt og unnt væri, lögbann við yfirstandandi björgunaraðgerðum hvers-

konar í eignarfjöru Kerlingardals milli Höfðafjöru og Herjólsstaðafjöru af hálfu Klaustursbræðra og Erlendar og Björns, hvort sem þeir ynnu fyrir sjálfa sig, ríkissjóð eða aðra, björgunaraðgerðum hverra þeirra manna, sem kynnu að starfa sem umboðsmenn eða á annan hátt fyrir ofangreinda menn, svo og við yfirvofandi björgunaraðgerðum af hálfu íslenzka ríkisins, en aðalstefnendur töldu, að lögmaður Klaustursbræðra hefði tjáð þeim, að slíkar aðgerðir mundu hefjast af hálfu ríkisins, ef lögbann yrði lagt við aðgerðum þeirra, er að björguninni störfuðu. Í fógetarétti Skaftafellssýslu var samdægurs lagt lögbann við því, að Klaustursbræður, Erlendur og Björn eða aðrir fyrir þeirra hönd héldu áfram björgunaraðgerðum, svo og að ríkissjóður sem einkaréttaraðili hæfist handa um björgun járnins. Auk þess að sótt var þing af hálfu aðalstefnenda, Klaustursbræðra, Erlendar og Björns, við lögbannsgerðina, var og sótt þing af hálfu fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs og Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og váttryggjenda e/s Persier og farms. Í þinghaldi þessu lét lögmaður Trolle & Rothe h/f bóka eftir sér, að umbjóðendur hans teldu sig hafa eignar- og umráðarétt á umdeildu járnri og áskildi þeim rétt til að ganga inn í mál það, sem væntanlega yrði höfðað til staðfestingar lögbanninu, eða til að höfða sérstakt mál til staðfestingar rétti þeirra. Áður, eða hinn 18. ágúst 1952, hafði Trolle & Rothe h/f sem umboðsmaður eigenda og váttryggjenda e/s Persier og farms, þar á meðal járnsliggjandi við strandstað skipsins, sent sýslumanninum í Skaftafellssýslu símskeyti, þar sem félagið áskildi umbjóðendum sínum allan rétt til járnfarmsins og ráðstöfunar á honum.

Þegar umrætt lögbann hafði verið á lagt, var björgun járnins hætt og hafði þá tekizt að bjarga um 40 smálestum.

Með stefnu, útgefinni 4. september 1952, höfðuðu aðalstefnendur mál þetta á hendur Klaustursbræðrum, Erlendi og Birni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gerðu þær dómkröfur á hendur greindum aðiljum, að lögbannsgerðin frá 30. ágúst 1952 yrði staðfest. Þá kröfðust þeir *aðallega*, að viðurkenndur yrði með dómi eignarréttur og þar með björgunarréttur þeirra að járnri því, sem fleygt var úr e/s Persier árið 1941, en *til vara*, að viðurkenndur yrði með dómi björgunarréttur þeirra að járninu. Loks kröfðust aðalstefnendur málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu in solidum. Vegna framkominnar afstöðu Trolle & Rothe h/f við lögbannsgerðina stefndu aðalstefnendur jafnframt félaginu vegna eigenda og váttryggjenda e/s Persier og farms til þess að „gæta hagsmuna sinna í málinu“, en gerðu eigi að síður þær sjálfstæðar kröfur á hendur félaginu *aðallega*, að það vegna umbjóðenda sinna yrði dæmt til að þola viðurkenningu á eignarrétti og þar með björgunarrétti aðalstefnenda að járninu, en *til vara* að þola viðurkenningu björgunarréttar þeirra. Við munnlegan flutning málsins breyttu aðalstefnendur kröfum sínum á hendur Trolle & Rothe h/f í þá átt, að þær beindust aðeins að félaginu vegna eigenda og váttryggjenda farms þess úr e/s Persier, sem mál þetta varðar.

Hinir stefndu, Klaustursbræður, Erlendur og Björn og fjármálaráð-

herra f. h. ríkissjóðs hafa hver um sig mótmælt öllum kröfum aðalstefnenda, krafizt þess, að lögbannsgerðin frá 30. ágúst 1952 verði úr gildi felld, að þeir verði hver fyrir sig sýknaðir af öllum kröfum aðalstefnenda og að þeim hverjum fyrir sig verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi aðalstefnenda in solidum. Þá hefur stefnda Trolle & Rothe h/f krafizt sýknu vegna umbjóðenda sinna af framangreindum kröfum aðalstefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að skaðlausu.

Með stefnu, útgefinni 17. okt. 1952, hefur Trolle & Rothe h/f vegna váttryggjenda hrájárns þess, sem varpað var fyrir borð úr e/s Persier árið 1941, stefnt aðalstefnendum og meðstefndum sínum, þeim Klaustursbræðrum, Erlendi og Birni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til þess að fá viðurkenndan með dómi óskertan eignarrétt og þar með talinn björgunarrétt váttryggjenda umrædds hrájárns að því. Þá hefur Trolle & Rothe h/f krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi allra greindra aðilja in solidum. Þessa málssókn sína tilkynnti Trolle & Rothe h/f oddvitum Hvammshrepps og Álftavershrepps í Vestur-Skaftafellssýslu vegna greindra hreppsfélaga, en þau hafa ekki látið sækja þing.

Aðalstefnendur, Klaustursbræður, Erlendur og Björn og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, hafa hver fyrir sig mótmælt kröfum Trolle & Rothe h/f vegna váttryggjenda hrájárnsins úr e/s Persier og krafizt þess, að kröfum félagsins um viðurkenningu eignar- og björgunarréttar að hrájárninu verði hrundið. Þá hafa þessir aðiljar hver fyrir sig krafizt málskostnaðar sér til handa úr hendi félagsins.

Loks hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni 30. okt. 1952, stefnt aðalstefnendum og Trolle & Rothe h/f vegna váttryggjenda hrájárns úr e/s Persier til viðurkenningar á eignarrétti ríkissjóðs á hrájárni því, sem varpað var úr e/s Persier við Mýrdalssand síðari hluta vetrar 1941 og nú er grafið í sand við Blautukvíslarós og í honum, svo og til viðurkenningar eignarrétti ríkissjóðs að þeim hluta járnins, sem bjargað var s. l. sumar og er í vörzlum sýslumanns Skaftfellinga eða andvirðis þess. Til vara hefur fjármálaráðherra krafizt þess, að viðurkenndur verði björgunar- og ráðstöfunarréttur á járninu. Loks hefur fjármálaráðherra krafizt þess, að þeir Andrés, Daniel og Trolle & Rothe h/f verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins, en til vara, að aðalstefnendur verði in solidum dæmdir að greiða málskostnað og Trolle & Rothe h/f að hluta eftir mati dómsins.

Aðalstefnendur og Trolle & Rothe h/f hafa hvor um sig krafizt sýknu af framangreindum kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og málskostnaðar sér til handa úr hendi hans eftir mati dómsins.

Allir aðiljar máls þessa hafa hver fyrir sig áskilið sér rétt til bóta fyrir hvers konar tjón, er afskipti hinna aðiljanna af umræddu hrájárni kunni að baka þeim.

Nú verða rakin í stórum dráttum málsatvik þau og rök, sem aðiljarnir hver fyrir sig reisa framangreindar kröfur sínar á.

Aðalstefnendur reisa kröfur sínar um eignar- og björgunarrétt að umræddu járninu á því, að fjaran, sem járninu var varpað á, og landið,

sem það nú er í, fylgi jörðinni Kerlingardal sem eign og hafi fylgt henni öldum saman, en þeir séu nú eigendur jarðarinnar. Járnið hafi legið í landi þeirra meira en 10 ár, og þar sem enginn hafi á þeim tíma gefið sig fram sem eigandi þess, séu þeir orðnir eigendur samkvæmt gildandi lagareglum um lausafjárhefð, enda hafi þeir og fyrstu árin, eftir að járninu var fleygt og meðan aðstaða var til, nýtt það sem sína eign, og síðan gert um það björgunarsamning sem sína eign og hvorugt þetta hafi sætt andmælum nokkurs aðilja fyrr en á síðastliðnu sumri. Þá telja aðalstefnendur, að jafnvel þótt eignarréttur þeirra verði ekki viðurkenndur, þá eigi þeir þó einir ótvíræðan björgunarrétt að járninu, þar sem þeir eigi land það, sem járneið liggi í, en björgunaraðgerðir og aðrar framkvæmdir á landinu séu ekki heimilar öðrum, nema með samþykki þeirra.

Aðalstefndu, Klaustursbræður og Erlendur og Björn, hafa í fyrsta lagi reist kröfur sínar á samningnum frá 20. maí 1952. Telja þeir, að upphaflegi björgunarsamningurinn frá 6. marz 1941 hafi enn verið í gildi, er fyrrnefndur samningur var gerður, en hann hafi verið staðfestur af fjármálaráðherra. Með samningsgerð þessari og samningnum þeirra á milli frá 31. júlí 1952 telja þessir aðiljar sig hafa öðlzt allan þann rétt, er Skipaúttgerð ríkisins eða ríkið sjálft kann að eiga til björgunar járnins. Báðir þessir aðiljar halda því fram, að járneið geti með engu móti talizt reki og ekki sé það heldur vogrek. Skilyrði sé heldur ekki fyrir hendi til þess að beita lagareglum þeim, sem gilda um reka og vogrek, um járneið með lögjöfnun. Líta þeir svo á, að hinir upphaflegu eigendur járnins hafi við það, að járninu var varpað fyrir borð og hirða eigi um það síðan, fyrirgert eignarrétti sínum að því. Síðan hafi járneið legið full 11 ár umhirðulaust í sandi og sjó og af þeim tíma týnt í full sjó ár. Eðlilegast sé því að líta svo á, að hér sé um eigendalaus fjármuni að ræða og megi því hafa hliðsjón af reglunum um fundið fé við meðferð járnins. Klaustursbræður hafi fundið járneið og þeir hafi, eins og áður segir, fengið framseldan rétt ríkisins, er þá mundi sennilegast teljast eigandi járnins að $\frac{2}{3}$ hlutum, með sérstökum samningi. Þessir aðiljar telja engu máli skipta í sambandi við rétt til hrájárnins, hver sé landeigandi, en halda því þó fram, að landið þarna sé almenningur, sem ríkið eigi, en aðalstefnendur eigi aðeins rekarétt á fjörunni.

Þá hafa aðalstefndu Erlendur og Björn í öðru lagi reist kröfur sínar á samningnum frá 2. júní 1951, er þeir telja í fullu gildi, svo framarlega sem aðalstefnendum hafi verið heimill sá réttur, er aðalstefnendur hafi veitt þeim með samningnum.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur í fyrsta lagi mótmælt lögbanninu frá 30. ágúst 1952 sem ólögmætu gagnvart honum á þeim grundvelli, að af hans hálfu hafi ekkert atferli verið haft í frammi, er lögbann hafi þurft gegn. Að því er varðar aðalstefnendur, reisir hann dómkröfur sínar fyrst og fremst á því, að aðalstefnendur séu ekki eigendur landsins, sem járneið er í. Hann hefur að vísu ekki véfengt staðartakmörk

Kerlingardalsfjöru að austan og vestan, en hins vegar telur hann, að aðalstefnendur hafi ekki gert grein fyrir mörkum fjörunnar til hafs eða heiða, enda sé þess ekki að vænta, þar sem aðeins geti verið um reka-ítak að ræða. Í málinu hafi ekki heldur komið fram nein heimildarbréf um eignarrétt að nokkru landi á Mýrdalssandi. Sandurinn verði að skoðast almenningur, sem sé eign ríkisins, og hafi því eignarréttarkrafa aðalstefnenda og krafa þeirra til björgunarréttar, er á því séu reistar, að þeir séu landeigendur, ekki við rök að styðjast. Þá heldur hann því fram, að aðalstefnendur hafi engin umráð haft yfir járninu, þau, er til hefðar hafi mátt leiða.

Kröfur sínar til viðurkenningar á sjálfstæðum rétti yfir járninu og mótmæli sín gegn kröfum Trolle & Rothe h/f til réttinda yfir því reisir hann hins vegar á því, að Skipaútgerðin, sem sé eign ríkissjóðs, hafi aldrei fallið frá þeim rétti til björgunar, sem hún hafi öðlzt með samningnum frá 6. marz 1941. Björgunarrétturinn á járninu sé því enn í höndum ríkisins. Við þetta bætist, að hinir upphaflegu eigendur járnins hafi afsalað sér eignarrétti að því eða skipstjóri e/s Persier fyrir þeirra hönd, er járninu var varpað fyrir borð, til þess að bjarga skipinu. Þessi eignarréttaruppgjöf hafi og verið staðfest með algeru aðgerðarleysi í 10—11 ár og megi skoða það sjálfstætt afsal eignarréttarins. Enn telur fjármálaráðherra kröfum sínum til stuðnings, að járneið hafi verið „týnt“, þannig að óvíst hafi verið um stað þess. Þó hafi vitneskja sú, sem til hafi verið um staðinn, verið hjá Skipaútgerðinni, sem vegna þessa hafi verið réttur aðili til ráðstöfunar á járninu, svo og vegna fyrrgreinds björgunarsamnings við eigendur og sem opinber aðili, sem næstur hafi staðið til þess að rækja skyldur hins opinbera í þessu sambandi og gæta opinberra hagsmuna. Réttur hinna upprunalegu eigenda til járnins og framsals réttinda á því sé því enginn til, enda hafi og farið fram sjó-tjónsniðurjöfnun, þar sem járneið muni vera talið glatað og verðmæti þess jafnað niður á skip og þann farm, sem bjargað var. En jafnvel þótt svo yrði litið á, að hinir upphaflegu eigendur hefðu átt réttindi yfir járninu, þegar váttryggingin var gerð upp, þá beri að telja framangreind sjónarmið varðandi tjónbætur og týnslu hafa sama gildi gagnvart nýjum eigendum. Við þetta bætist enn, að hafi járneið verið talið glatað, er tjónið var gert upp og verðmæti þess jafnað niður, þá hafi váttryggjendur járnins ekki orðið eigendur, heldur í mesta lagi hlutdeildarmenn í því andvirði, er fást kynni, er björgunarkostnaður væri greiddur. Slíkur réttur, ef til væri, gæti aðeins verið hluti úr sameign fleiri aðilja.

Trolle & Rothe h/f reisir mótmæli sín gegn kröfum aðalstefnenda á því, að ósannað sé, að þeir séu eigendur að Kerlingardalsfjöru, en jafnvel þótt svo verði litið á, að aðalstefnendur hefðu eignarrétt á fjörunni, þá geti „fjara“ í þessu sambandi ekki merkt annað en þann hluta af yfirborði jarðar, sem nær frá stórstraumsflæðarmáli til stórstraumsfjöru-borðs. Járneið liggi í sandi fyrir ofan stórstraumsflæðarmál og sé því ekki nú á eign aðalstefnenda og strandstaður e/s Persier, þar sem járninu var varpað fyrir borð, hafi verið ca. 150 metra frá stórstraums-

flæðarmáli og því fyrir utan netlög fjörunnar. Telur það, að skoða ber umrætt hrájárn strandgóss, sem ekki sé að fullu bjargað, sbr. 17. gr. laga nr. 42 frá 1926. Þá segi í 7. gr. laga þessara, að váttryggjandi eða eigandi strandaðs skips eða góss hafi rétt til að taka það í sínar hendur, hvenær sem er. Enn telur félagið, að öll skilyrði bresti til þess, að aðalstefnendur hafi unnið hefð á umræddu járn, þeim hafi frá upphafi verið það ljóst, að járníð var annarra eign og aldrei hafi það getað talizt í vörzlu þeirra. Sé því ljóst, að aðalstefnendur geti hvorki átt eignar- né björgunarrétt að járninu.

Að því er varðar sjálfstæðar kröfur Trolle & Rothe h/f til járnins og mótmæli félagsins gegn kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til réttinda yfir því, heldur það því fram, að váttryggjendur umrædds járn hafi greitt upprunalegum eigendum þess váttryggingarverðið og um leið öðlzt eignarrétt á járninu. Eignarrétti að járninu hafi aldrei verið fyrirgert og séu því allar bollaleggingar málsaðilja um það, að járníð sé res derelicta, út í hött. Þá telur félagið, að því sé ekki heldur til að dreifa, að fara eigi með járníð eins og fundið fé, þar sem það hafi aldrei verið tapað. Mönnum hafi, frá því járninu var varpað fyrir borð, verið nokkurn veginn kunnugt um hvar það væri og með nútímatækni hafi alltaf verið auðvelt að staðsetja járníð, hvort sem það væri úti í sjó eða orpið sandi. Ennfremur telur félagið, að björgunarsamningurinn frá 6. marz 1941 sé löngu fallinn úr gildi. Hann hafi fallið niður, er björgun e/s Persier og farms þess, er í því var, var lokið í maímánuði 1941. Þá samrýmist aðgerðarleysi Skipaútgerðarinnar allt fram á þetta ár því ekki, að umræddur samningur haldi enn gildi sínu né heldur samningur hennar við Klaustursbræður frá 20. maí 1952, þar sem ríkissjóði sé áskilinn hundraðshluti af verðmæti járn þess, sem kynni að bjargast, en réttur upphaflegra aðilja að björgunarsamningnum (eigenda og váttryggjenda e/s Persier og farms) fyrir borð borinn. Loks tekur félagið það fram til stuðnings málstað sínum, að umbjóðendur þess, váttryggjendur hrájárnins, hafi um langt skeið starfrækt váttryggingar um allan heim við hin ólíkustu skilyrði og hafi því mikla þekkingu og reynslu í þessum efnum. Á þessu hvorutveggja byggi þeir þá meginreglu sína að fleygja aldrei verðmætum, sem þeir geti geymt sér að kostnaðarlausu. Umrætt hrájárn hafi ekki verið og sé ekki neinum til meins eða trafala, það liggi ekki undir neinum skemmdum og enginn kostnaðarauki sé að eiga það. Váttryggjendum hafi frá byrjun verið það ljóst, að aðstaða og tækifæri gætu boðizt til að bjarga járninu. Þess vegna hafi þeir hvorki með beinum né óbeinum aðgerðum sínum afsalað sér eða fyrirgert eignarrétti sínum að því, enda hafi þeir, svo sem fram kemur í máli þessu, strax og efni stóðu til, gert eignarrétt sinn gildandi. Verð hrájárnins sé nú einnig það hátt, að ætla meg, að nokkur hagnaður verði af björgun þess.

Verða nú teknar til athugunar hugleiðingar aðilja, eftir því sem þurfa þykir til úrlausnar ágreiningnum.

Samkvæmt endurriti úr gerðabók fasteignamatsnefndar í Vestur-Skafta-fellssýslu frá 1917 segir, að fjara fylgi jörðum Kerlingardals sem eign.

Fjara þessi, Kerlingardalsfjara, er á Mýrdalssandi og liggur milli Herjólfstaðafjöru að austan og Höfðafjöru að vestan. Við fjöru þessa strandaði e/s Persier í febrúarmánuði 1941 og þar var hrájárn það, sem um er deilt í málinu, sett í sjóinn. Það er ágreiningslaust, að fjaran færist fram og aftur með þeim hætti, að stundum gengur sandurinn fram, en á öðrum tímum gengur sjór á sandinn. Er dómendur og lögmenn aðilja gengu á vettvang hinn 13. okt. 1952, voru auðkenni á hrájárns-hrúgunum tveimur, rétt við flæðarmál. Með skýrslum vitna, er leidd hafa verið í málinu, er leitt í ljós, að eigendur og ábúendur Kerlingardals hafa þann tíma, er vitnaskýrslur þessar ná til, hagnýtt sér umrædda fjöru og næsta nágrenni hennar á þann hátt, sem unnt var, með hirðingu reka af fjörunni og töku fugls og eggja í nágrenni hennar. Það er óvæfengt, að umrædd fjara hefur fylgt Kerlingardalsjörðum langt framan úr öldum, og ekkert hefur komið fram, er bendi til, að hagnýting eigenda og ábúenda Kerlingardalsjarða á fjörunni og nágrenni hennar á þeim tíma hafi verið á annan veg, en hér að framan er lýst. Af þessu leiðir þó ekki, eins og á stendur og síðar verður vikið að, að aðalstefnendur verði taldir hafa eignarrétt að hinu umdeilda járninu eða björgunarrétt á því. Þá hefur afstaða aðalstefnenda til járnins, en hún kemur fram í atvikum málsins, er lýst hefur verið hér á undan, ekki verið slík, að þeir hafi unnið eignarrétt á járninu með hefð.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf, dags. 10. júní 1941, frá Skipaútgerð ríkisins til Trolle & Rothe h/f sem umboðsmanns eigenda og vátryggjenda e/s Persier og farms, er var aðili að björgunarsamningnum frá 6. marz 1941. Segir í bréfi þessu m. a., að björgunarstarfi Skipaútgerðarinnar hafi verið lokið, þegar búið var að bjarga skipinu og leggja því örugglega inn á Gufunesfjöru í grennd við Reykjavík. Frá þeim tíma að björgun skipsins og farms þess, sem í því var, lauk, verður ekki séð, að Skipaútgerðin hafi haft nokkur afskipti af hrájárninu, sem í sjóinn var varpað, eða gert ráðstafanir til björgunar þess fyrr en með samningnum við Klaustursbræður frá 20. maí 1952. Að þessu athuguðu þykja Skipaútgerð ríkisins eða fyrirsvarsmenn ríkisins, eiganda hennar, ekki geta reist réttindi yfir járninu á björgunarsamningnum frá 6. marz 1941. Þá verður ekki fallt á þá staðhæfingu, sem komið hefur fram af hálfu Skipaútgerðar ríkisins í flutningi málsins, að vörpun járnins fyrir borð og síðara aðgerðarleysi hlutaðeigenda megi skoðast þegjandi afsal á eignar- og ráðstöfunarrétti yfir járninu til bjarganda.

Á því leikur enginn vafi, að járn það, sem mál þetta varðar, er það sama og varpað var fyrir borð úr e/s Persier síðari hluta vetrar 1941. Þegar járníð var sett útbyrðis, var fullvíst um stað þess. Síðar hvarf það í sjó og enn síðar varpst það sandi. Mönnum hefur þó alltaf verið nokkurn veginn kunnugt um, hvar járníð væri niður komið og með nútímatækni hefur ekki verið neinum erfiðleikum bundið að staðsetja það nákvæmlega. Járníð hefur því í raun og veru aldrei verið týnt og verður því réttarreglum um fundið fé ekki beitt eða þær hafðar til hliðsjónar, er skorið er úr ágreiningi um réttindi yfir járninu.

Þegar umræddu járnin var varpað fyrir borð, var það gert með ráðnum hug og í þeim tilgangi að létta hið strandaða skip, svo að því yrði frekar bjargað. Verður því ekki dregin sú ályktun af útvörpun eða affermingu járnins í sjóinn, að farmeigandi hafi með þessum aðgerðum viljað gefa upp eða gefið upp eignarrétt að járninu. Í málinu hefur verið lagt fram bréf frá firmanu British Iron & Steel Corporation Limited og þýðing bréfsins á íslenzku, gerð af löggiltum skjalapýðanda. Segir í bréfi þessu, að fyrrnefnt firma hafi sjóvátryggt 6161.8304 smálestir af óunnu járnin, sem fermt hafi verið í e/s Persier í Baltimore í janúar 1941 hjá firmanu Food & Supply Marine Insurance Management Committee. Ennfremur segir firmað í bréfinu, að það hafi tekið við fullri greiðslu á verðmæti 5884.6429 smálesta af óunnu járnin, sem varpað hafi verið fyrir borð og/eða selt í Reykjavík, þegar e/s Persier hafi strandað við Ísland 1941 og að afgangurinn af farminum, 277.1875 smálestir, hafi verið afhentur firmanu. Með greiðslu vátryggingarverðs járnss þess, sem varpað var fyrir borð, verður að telja, að vátryggjendur hafi gengið inn í rétt eigenda þess og með þeim hætti öðlzt eignarrétt að járninu. Það er nú að vísu svo, að vátryggjendur járnssins eða umboðsmaður þeirra hér á landi hafa ekkert skipt sér af járninu, fyrr en á síðastliðnu sumri, er ágreiningur var risinn milli aðilja hér á landi um réttindi yfir því, en strax og þessir aðiljar fengu vitneskju um ágreininginn skárust þeir í leikinn og báru fram kröfu um viðurkenningu eignarréttar og ráðstöfunarréttar síns á járninu. Í málinu kemur ekki fram, hvort umboðsmanni vátryggjenda hér eða vátryggjendum sjálfum hafi verið kunnugt um þá björgun og hagnýtingu járnss, sem eins og áður er sagt átti sér stað á næstu árum eftir strandið. En jafnvel þótt aðiljar þessir hefðu haft vitneskju um umrædda björgun og hagnýtingu og eigi að síður látið þetta afskiptalaust, getur það afskiptaleysi vart skoðast vitni um endanlegan vilja til uppgjafar réttinda yfir járninu, enda var það járn, sem bjargað var og hagnýtt á fyrrgreindum tíma, svo lítið að magni, að missir þess hefur skipt hverfandi máli fyrir hagsmuni vátryggjenda. Til viðhalds eignarrétti er notkun hans eða beiting á hverjum tíma ekki nauðsynleg. Má í þessu sambandi benda á, að í 14. og 15. gr. laga nr. 40/1907 um verndun fornmenja er gert ráð fyrir því, að eignarréttur geti haldizt á *fundnum forngripum*. Þá er og í 30. gr. laga nr. 42/1926 um skipströnd og vogrek gert ráð fyrir því, að eignarréttur að skipi eða skipsflaki standi ótímatakmárkað. Eignarréttur fellur ekki niður út af fyrir sig vegna notkunarleysis, heldur vegna löggernings eða þess, að annar en eigandi hefur beitt honum. Samkvæmt því, sem hér að framan er sagt, urðu vátryggjendur eigendur hrájárnss þess, er varpað var fyrir borð úr e/s Persier, er þeir greiddu vátryggingarverð þess. Það verður ekki talið, að þeir hafi með aðgerðaleysi fyrirgert eignarrétti sínum og ekki verður séð, að þeir hafi afsalað sér honum með löggerningi eða á annan hátt. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 42/1926 eiga vátryggjendur og björgunarrett á járninu.

Umboð Trolle & Rothe h/f vegna váttryggjenda hrájárnsins hefur ekki verið véfengt.

Ber samkvæmt framansögðu að viðurkenna eignarrétt og þar með talinn björgunarrétt Trolle & Rothe h/f vegna váttryggjenda farms úr e/s Persier að hrájárni því, sem varpað var fyrir borð úr nefndu skipi árið 1941.

Af þessari niðurstöðu leiðir, að fella ber lögbannsgerðina frá 30. ágúst 1952 úr gildi og sýkna aðalstefndu Berg, Helga, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussyni, Erlend Einarsson og Björn B. Björnsson, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og váttryggjenda farms úr e/s Persier af kröfum aðalstefnenda í máli þessu. Þá ber og að sýkna aðalstefnendur og Trolle & Rothe h/f vegna váttryggjenda farms úr e/s Persier af kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í málinu.

Eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður í öllum þáttum málsins falli niður.

Jón Kjartansson sýslumaður hefur kveðið upp dóm þennan ásamt með dómsmönnunum Einari Arnórssyni, fyrrum hæstaréttardómara, og Ísleifi Árnasyni, fyrrum prófessor.

Dómsorð:

Lögbannsgerðin frá 30. ágúst 1952 er úr gildi felld.

Aðalstefndu, Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdemar Lárussynir, Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og váttryggjenda farms úr e/s Persier, skulu vera sýknir af kröfum aðalstefnenda, Andrésar Á. Pálssonar og Daníels Guðbrandssonar, í máli þessu.

Þá skulu aðalstefnendur og Trolle & Rothe h/f vegna váttryggjenda farms úr e/s Persier vera sýknir af kröfum fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í málinu.

Eignarréttur, þar með talinn björgunarréttur Trolle & Rothe h/f vegna váttryggjenda farms úr e/s Persier, á hrájárni því, sem varpað var fyrir borð úr nefndu skipi árið 1941, viðurkennist.

Málskostnaður í öllum þáttum máls þessa falli niður.

Lögbannsgerð fógetaréttar Skaftafellssýslu 30. ágúst 1952.

Fyrir hönd gerðarbeiðanda er mættur Ólafur Björnsson hdl. f. h. Ólafs Þorgrímssonar hrl. Krefst hann lögbanns við björgunar aðgerðum samkvæmt réttarskjali nr. 1

Af hálfu gerðarþola, Klaustursbræðra, er mættur Kristján Guðlaugsson hrl. og Vilhjálmur Jónsson hdl. fyrir Erlend Einarsson og Björn B. Björnsson.

Þá er mættur í fógetaréttinum Theódór Lindal hrl. f. h. fjármálaráðherra.

Loks er mættur Jóhann Steinason hdl. f. h. Trolle & Rothe h/f vegna farmeigenda og vátryggjenda e/s Persier.

Umboðsmaður gerðarbeiðenda setti tryggingu, kr. 100.000.00, sem er víxill, samþykktur af Ólafi Þorgrímssyni hrl., Reykjavík, útgefinn af Andrésí Á. Pálssyni, ábektur af honum og Daniel Guðbrandssyni, bændum í Kerlingadal. Tók fógeti þá tryggingu gilda.

Umboðsmenn gerðarþola hafa mótmælt því, að gerð þessi fari fram og óskað úrskurðar um það.

Ágreiningur um rétt eða lögmæti athafna þeirra, sem lögbanns er beiðst við, verður ekki látið standa í vegi fyrir því, að lögbann fari fram. Um þann ágreining verður skorið í staðfestingarmáli. Þess verður ekki krafizt, að réttur gerðarbeiðanda sé sannaður eða jafnvel gerður sennilegur. Fyrirmælin um tryggingu af hendi gerðarbeiðanda og bótaskylda sú, er hann bakar sér, ef gerðin reynist ólögmæt, á að tryggja rétt gerðarþola, og þar sem fógeti hefur eftir atvikum talið trygginguna, kr. 100.000.00, er fram er lögð, nægja, verður lögbannið því látið fram ganga.

Fógeti lýsti þvínæst yfir, að hann legði lögbann við því, að Klaustursbræður, þeir Helgi, Bergur, Valdimar, Júlíus og Siggeir Lárussynir og Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson eða aðrir fyrir þeirra hönd haldi áfram björgunaraðgerðum á Dynskógafjöru, hvort heldur fyrir sjálfa sig, ríkissjóð eða aðra, og jafnframt því, að ríkissjóður sem einkamálaréttaraðili hefjist handa um björgun járnins.

Þriðjudaginn 19. maí 1953.

Nr. 128/1952. **Bergur, Helgi, Júlíus, Siggeir og Valdimar Lárussynir** (Kristján Guðlaugsson)

og

Erlendur Einarsson og Björn B. Björnsson
(Vilhjálmur Jónsson hdl.)

gegn

Andrésí Á. Pálssyni og Daniel Guðbrandssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýkna af kröfu um björgunarrétt að strandgóssi.
Lögbannsgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Með stefnu 28. ágúst 1952 hafa áfrýjendur skotið til Hæstaréttar dómi aukadómpings Skaftafellssýslu, er upp var